

Kópavogsbær  
Skipulagsstjóri  
Digranesvegur 1  
200 Kópavogur

Reykjavík 21. desember 2017  
UST201710-114/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag - Vesturvör 16-28 – Hafnarbraut 20**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Kópavogs er barst 13. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Vesturvarar 16 – 28 og Hafnarbraut 20.

#### **Skipulagssvæðið**

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er 3,5 ha að stærð og afmarkast af lóðarmörkum Hafnarbrautar 12 og Vesturvarar til suðurs og lóðarmörkum Hafnarbrautar 25 og 27 til vesturs, Fossvogi til norðurs og lóðarmörkum Vesturvarar 14 og bryggjuhverfi til austurs.

#### **Pétt og vistvæn byggð**

Í upphafi greinargerðar segir: „Í umræddri lýsingu er gert ráð fyrir péttri og vistvænni byggð í stað húsa sem fyrir eru þar sem það er óskað.“ Að mati Umhverfisstofnunar þarf að fylgja skyring með fullyrðingu um vistvæna byggð, þ.e. á hvern hátt er hún vistvænni en aðrar byggðir. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir allt að 86 íbúðum í húsinu, og að krafa er gerð um 112 bílastæði, þar af 86 í niðurgrafinni bílageymslu. Umhverfisstofnun bendir á að mestur hluti garðsvæðis við húsið nr. 26-28 við Vesturvör er tekið frá fyrir bílastæði. Einnig bendir stofnunin á að ekki eru sýnd tengsl við græna svæðið til norðurs (hindrunarflötur flugvallar) frá lóðinni 26 – 28 við Vesturvör.


#### **Náttúrumínjar**

Eins og fram kemur í greinargerð liggur Fossvogurinn til norðurs við ofangreint svæði. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að forðast verði allt óþarfa rask á strönd Fossvogs, þar sem í nágrenni eru verndarsvæði sem rask gæti haft áhrif á.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Rakel S. Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur